



Langanesbyggð

Leiðbeiningar fyrir byggingaraðila í Langanesbyggð.

1. Fyrirspurnir

Með fyrirspurn getur húseigandi eða lóðarhafi kannað hvort leyfi muni fást fyrir tiltekinni framkvæmd, án þess að leggja fram fullnaðarupprætti. Þetta er gert í því skyni að spara hönnunarkostnað ef fyrirhuguð framkvæmd fæst ekki samþykkt. Sé svar skipulags- og byggingarnefndar jákvætt getur fyrirspyrjandi fylgt málinu eftir með byggingarleyfisumsókn.

2. Byggingarleyfisumsóknir

Framkvæmdir háðar eru byggingarleyfi. Hér má sjá yfirlit fyrir framkvæmdir sem háðar eru byggingarleyfi.

- Grunnur húsbyggingar.
- Húsbyggingar og fyrirkomulag á lóð, þ.m.t. varanlegar húsbyggingar í tengslum við framkvæmdir undanþegnar leyfisskyldu, s. s. stöðvarhús virkjana og dælustöðvar.
- Niðurrif húsa.
- Breytingar á húsum (burðarkerfi, formi eða svipmóti, klæðning/einangrun utanhúss).
- Breytingar á notkun húsnæðis.
- Sólþallar og heitir pottar.
- Girðingar hærrí en 1,8 m eða nær lóðamörkum en sem nemur hæðinni.
- Steyptir skjólveggir.
- Fjarskiptamöstur.
- Tengivirki.
- Móttökudiskar.
- Auglýsingaskilti.
- Önnur mannvirki sem ekki eru sérstaklega undanþegin.

Sérstakt leyfi þarf fyrir gámum, hjólhýsum, bátum og torgsöluhúsum utan svæða sem sérstaklega eru skipulögð fyrir viðkomandi starfsemi, sbr. ákvæði 71. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

3. Umsóknareyðublað.

Umsóknum um byggingarleyfi er veitt móttaka á skrifstofu Langanesbyggðar. Byggingarfulltrúi getur krafist að umsókn fylgi tilteknir sérupprættir ásamt greinargerð, ef fyrirhuguð bygging eða starfsemi er sérstaks eðlis. Í slíkum tilvikum getur skipulags- og byggingarnefnd einnig krafist þess að umsækjandi afli vottorða eða umsagna frá öðrum stjórnvöldum eftir því sem talið er nauðsynlegt. Sem dæmi má nefna brunahönnun mannvirkis, burðarþolshönnun, vottun Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og vottorð Brunamálastofnunar.

1. nóvember 2009

Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri